

Framboð til aðalstjórnar LH

Hákon Hákonarson – Hestamannafélaginu Herði



Ég var formaður í hestamannafélaginu Herði á árunum 2016 – 2020. Sem formaður voru áherslur mínar verklegar framkvæmdir á svæðinu, efla félagsandann, styrkja og styðja æskulýðsstarfið og reiðskóla fatlaðra.

Á Landsþingi LH 2020 var ég kjörinn í stjórn LH og endurkjörinn 2022. Ég er ritari stjórnar, stjórnarformaður í Landsmóti hestamanna ehf. LM og í Skógarhólum ehf og formaður Reiðveganeftdar LH.

Fyrir mér er hestamennskan samveran við hross og menn, ríð út 5-6 sinnum í viku, keppi ekki, en nýt þess að sjá flotta hesta á stóru mótunum.

Sem stjórnarmaður hef ég lagt mesta áherslu á að færa LH nær hestamannafélögunum og hinum almenna hestamanni. Tvívegis hefur stjórn LH farið og fundað með flestum stjórnnum hestamannafélaga landsins, kynnt sín mál og kynnst væntingum þeirra og vonum, sem síðan hafa nýst stjórninni í stefnumótun sambandsins.

S.l. haust gegndi LM lykilhlutverki í að gera nýjan samning við hestamannfélögin Fák og Sprett um Landsmót 2024. Næsta landsmót verður að Hólum 2026 og í vikunni voru undirritaðir samningar við Rangárbakka ehf um landsmót á Hellu 2028 og við hestamannfélagið Fák 2030.

S.l. ár hafa verið gerðar frekari endurbætur á húsnæði LH að Skógarhólum og er ástand hússins vel boðlegt til útleigu.

Ráðherra samgöngumála skipaði mig í starfshóp sem gerði ítarlega skýrslu um alla reiðvegi landsins þ.m.t. ferðaleiðir og áætlun um kostnað við að koma þeim í gott lag. Skýrslan á að nýtast í Samgönguáætlun til næstu 15 ára. Í skýrslunni lagði starfshópurinn til að árlegt framlag til viðhalds reiðvega færi úr 75 milljónum króna í 300 milljónir. Framlagið hefur verið hækkað í 100 milljónir á ári, en vonandi fáum við frekari hækkunir í komandi fjárlögum.

Eins og áður er nýliðun í hestamennsku og uppbygging félagshesthúsa mér mjög hugleikin. Framtíðin liggur í komandi kynslóð og það þarf að gefa áhugasömum ungmönnum tækifæri á að kynnst þessu gefandi áhugamáli. En til þess þurfa þau aðstöðu og aðstoð frá sínum hestamannafélögunum.

Ég hef langa reynslu af rekstri fyrirtækja og hef rekið eigið fyrirtæki í mörg ár. Ég hef einnig setið í stjórnnum annarra fyrirtækja og mörg ár í stjórnnum líknarféлага. Það er von mín að ég fái tækifæri til að halda áfram í stjórn LH og geti þannig unnið að framgangi hestamenskunnar.

Virðingarfyllt,

Hákon Hákonarson